

Sp. 373. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um kosningu millipinganevndar til að gera tillögur um endurnýjun strandferðaskipaflotans og skipulagningu strandferðanna.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna millipinganevnd til að gera tillögur um endurnýjun strandferðaskipaflotans og skipulagningu strandferðanna. Skal nefndin haga störfum með tilliti til þess, að hægt sé að leggja tillögurnar fyrir Alþingi 1966. Skal að því stefnt, að hægt sé að veita landsbyggðinni sem hagkvæmasta þjónustu og að reksturinn verði sem ódýrastur miðað við veitta þjónustu.

Greinargerð.

Í eigu Skipaútgerðar ríkisins eru nú fimm strandferðaskip. Hér fer á eftir skýrsla um aldur þeirra, stærð, ganghraða, vörurými, farþegarými o. fl.

	Smiðsaár	Brúttótonn	Ganghraði sjómíliur	Svefnrúm farþega	Rúmmál lesta		Burðargeta venjulegra stykkjavara, tonn	Olíufarm-tankar, tonn	Lyftigeta, tonn
					alls rúmfet	þar af frystilest rúmfet			
1 m/s Esja	1939	1347	13	148	30935	4450	300		3
2 m/s Herðubreið	1947	366	9	12	14220	4055	180—280	34	10
3 m/s Skjaldbreið	1948	366	9	12	14220	4055	180—280	34	10
4 m/s Hekla	1948	1456	14	166	32700	4875	350		10
5 m/s Herjólfur .	1959	516	11	21—33	10208	1617	130—200	100	5

Svo sem sjá má af ofangreindu yfirliti, eru 4 af strandferðaskipum Skipaútgerðar ríkisins á þessu ári orðin 18—27 ára gömul og því mjög viðhaldsfrek, en hitt skiptir þó ekki síður máli, að þessi skip eru að öðru leyti orðin rekstrarlega óhentug vegna þróunar annarra samgangna á síðustu tveim áratugum.

Augljóst má telja, að þjóðinni muni um langa framtíð nauðsynlegt að halda uppi strandferðum ásamt öðrum samgöngum. Virðist því aðkallandi að endurnýja umræddan skipapakost og aðlaga hann breyttum þjóðfélagsháttum.

Esja, Hekla, Herðubreið og Skjaldbreið hafa vafalaust að stærð, farþegarými og öllum búnaði verið eins og þá hentaði að beztu manna yfirsýn. — Síðan hefur orðið mikil breyting á íslenzku þjóðlífi, og þá ekki sízt, ef á heildina er litið, á sviði vöru- og farþegaflutninga með ströndum fram. Gagngerðustu breytingunni hvað snertir farþegaflutningana valda flugvélnar með þeim aðstæðum, sem reynt hefur verið að húa þeim með stærri og smærri flugvöllum víðs vegar um landið. Þar við bætist svo hinn mikli fjöldi stórra áætlunarbifreiða og minni einkabifreiða, sem stórfjölgar ár frá ári um allt land.

Öll þessi flutningatæki eru þó meira og minna háð veðráttunni, og þá fyrst og fremst að vetrinum vegna veðra og fannalaga. Kemur slíkt minnst að sök með farþegaflug til hinna stærri og betur búnu flugvalla, en á þeim tíma árs er ekki að treysta farþegaflugi til smærri staða né heldur reglubundnum ferðum bifreiða milli landshluta og byggðarlaga.

Segja má, að mörg byggðarlög geti ekki treyst á þessi farartæki lengur en 3—5 mánuði ár hvert. Verður þá að gripa til þeirrar fyrirgreiðslu, sem hið opinbera hefur ætíð talið sér skylt að láta landsbyggðinni í té, þar sem eru strandferðaskip til að annast farþega- og vöruflutninga.

Eins og áður er sagt og öllum er kunnugt, er þörfin fyrir farþegaskip með ströndum fram nú allt önnur en hún var þegar Esja og Hekla voru byggðar. Mætti vel hugsa sér, að eitt hraðskreitt og vel búit skip af hæfilegri stærð og vel búit farþegaþægindum gæti nú vegna breyttra aðstæðna veitt betri þjónustu að því er varðar farþegaflutning milli hafna og á lengri leiðum en þau tvö skip, Esja og Hekla, sem upphaflega voru byggð og fyrst og fremst starfrækt í því skyni. Mætti hugsa sér, að hið nýja farþegaskip hefði litið vörurými, t. d. aðeins fyrir póst og varning, sem mjög fljótlegt væri að losa í höfn. Einnig er trúlegt, að á slíku skipi væri æskilegt, að á þilfari væri öllu þannig fyrir komið, að hægt væri að taka sem flesta ferðamannabíla um borð, og auðvitað væri nauðsynlegt, að skipið yrði búit hómu, sem gæti lyft þungavélum og öðru slíku, sem sífellt fer í vöxt að flytja þurfi á milli staða.

Að því er varðar vöruflutningaskip til strandferða er augljóst, að þau þurfa fyrst og fremst að vera tvö — og þó að margra áliti þrjú. Væru þá tveim skipum

ætlaðar fastar strandferðir, eins og Herðubreið og Skjaldubreið nú, en hinu þriðja ætlað að hlaupa í skarðið, þegar um væri að ræða óvenjulega flutningabörf eða leysa hin skipin af hólmi vegna viðgerða o. s. frv. Verður það auðvitað að metast af fróðum og færum mönnum, hvort rétt sé að stefna að byggingu þriggja slíkra vöruflutningaskipa, þótt smíði tveggja væri látið sitja fyrir.

Um vöruflutninga með ströndum fram er hið sama að segja og farþegaflutningana, að þar hefur orðið stórbreyting á síðustu árum. Þar virðast flutningabílar nú fullnægja þörf stórra landssvæða. Slíkir vöruflutningar tíðkast nú um Vesturland, Norðurland að sunnan allt til Eyjafjarðar og jafnvel Húsavíkur, og a. m. k. í 3—4 mánuði að sumarlagi eru talsverðir vöruflutningar á bílum til Egilsstaða, Seyðisfjarðar og fjarðanna þar fyrir sunnan. Má og svipað segja um Norðausturland milli Tjörnness og Smjörvatnsheiðar. En þrátt fyrir landflutningana má segja, að Vestfirðir, Norðausturland og Austfirðir allir séu í heild mjög háðir vöruflutningum á sjó og fleiri landshlutar að vetrarlagi, þótt ekki sé með talinn sá vandi, sem að höndum ber í sambandi við harðindi af völdum vetrarríkis og hafísa.

Ekki virðist um það að ræða að draga úr þeim skipakosti, sem Skipaútgerð ríkisins hefur nú yfir að ráða til vöruflutninga, heldur er aðkallandi nauðsyn að stækka og bæta flutningaskip útgerðarinnar og auka þar með afkastagetu þeirra og hæfni til að mæta vetrarveðráttu og vetrarsjóum. Þessi skip verða að byggjast fyrst og fremst sem flutningaskip með tiltölulega mikið og hentugt lestarrúm og búin sterkum bómum, en ekki mun ástæða til að auka farþegarúm að ráði, þar sem búast má við, að farþegar noti þessi skip meira á milli hafna en á langleiðum. Hitt er þó augljóst, að æskilegt er að bæta aðstöðu fyrir farþega miðað við þá aðstöðu, sem nú er fyrir hendi í „Breiðunum“.

Flutningsmenn leggja áherzlu á, að athugun þessara mála verði lokið af nefndarinnar hálfu í byrjun næsta Alþingis, svo að hægt verði á því þingi að afgreiða málið í því formi, sem bezt er talið henta fyrir landsbyggðina. Þyrftu hlutaðeigandi stjórnarvöld að hefjast handa þá þegar, því að umbætur á þessu sviði eru orðnar aðkallandi.

Fyrir flm. vakir, að nefndin taki til athugunar þær tillögur um strandferðir með sérstöku tilliti til landshlutanna, sem þegar hafa komið fram á Alþingi á undanförunum árum. Einnig, að athuguð verði sérstaklega afgreiðsluaðstaða strandferðaskipanna, t. d. í Reykjavík.

Gert er ráð fyrir, að núverandi strandferðaskip verði seld, eftir því sem henta þykir, jafnóðum og ný skip eru byggð og tekin í notkun.